

Ár 1984, miðvikudaginn 25. apríl 1984, var í málinu nr. 7/1983 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með orði, dags. 17. nóvember 1983, kærði eigandi fasteignarinnar nr. 3 við Bergstaðastræti lóðarmat eignarinnar til Yfirfasteignamatsnefndar. Telur kærandi fasteignamatið of hátt og bendir því til stuðnings einkum á það, að veggur Hegningarhússins nái upp fyrir jarðhæð og fyrstu hæð hússins og að úr gluggum kvist- og rishæðar sjáist niður í garð Hegningarhússins. Þá sé lóðin mjög aðþrengd og hvorki rými til brottflutnings hins gamla húss né heimild til byggingar nýs húss á lóðinni.


Í málinu liggur fyrir umsögn oorgaryfirvalda, dags. 23. febrúar s.l.


Um er að ræða 365,5 fermetra lóð og stendur á henni 60 ára gamalt timburhús, sem er að mestu leyti notað til íbúðar. Hús þetta er ekki þannig úr garði gert, að það bjóði upp á hagkvæma nýtingu. Hagkvæmustu nýtinu lóðarinnar verður ekki komið við, nema húsið verði rífið og nýtt hús byggt. Með hliðsjón af því og aðstöðu lóðarinnar í byggingarlegu og skipulagslegu tilliti telst matsverð hennar hæfilega ákveðið kr. 996.800,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1982, og kr. 1.565.200,- í fasteignamatinu frá 1. desember 1983.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Matsverð lóðarinnar nr. 3 við Bergstaðastræti í Reykjavík ákveðst kr. 996.800,- í fasteignamati því, sem öðlaðist gildi 1. desember 1982, og kr. 1.565.200,- í mati því, sem gekk í gildi 1. desember 1983.

  
Gaukur Jónsson

  
Guðmundur Magnússon

  
Pétur Stefánsson